



Fundargerð hreppsnefndar 11. júní 2015

Fundur

Fundur nr. 23 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 11. júní 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Almenn mál:

a. Rekstraryfirlit fyrir Vopnafjarðarhrepp janúar- maí 2015.

Oddviti gaf sveitarstjóra orðið er gerði nánar grein fyrir rekstraryfirlitinu með því að fara í helstu þætti.

b. Drög að samþykkt um kattahald á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis tekin til síðari umræðu.

Fram fór umræða um málið en drögin síðan borin upp til atkvæða og voru fyrirbyggjandi drög um kattahald samþykkt með 6 atkvæðum Eyjólf, Stefáns Gríms, Sigríðar Elvu, Guðrúnar Hildar, Bárðar og Magnúsar Þórs. Hrund á móti og óskaði síðan eftirfarandi bókunar:

„Forræðishyggjan sem birtist í þessari samþykkt stríðir gegn skoðunum mínum um frelsi einstaklingsins til ákvarðana á eigin háttum og lífi að teknu tilliti til náungans. Ég tel að íbúar Vopnafjarðarhrepps séu færir um að ákveða sjálfir fjölda gæludýra á heimilum sínum, að auki felur samþykktin í sér úrræði til að taka á vanda sem hugsanlega getur komið upp til verndar hagsmuna nágranna og samfélagsins. Því tel ég þessar hömlur óþarfar og íþyngjandi og hafna drögum að Samþykkt um kattahald og gæludýrahald á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis.“

c. Drög að samþykkt um hundahald á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis tekin til síðari umræðu

Fyrirliggjandi drög um hundahald samþykkt með 6 atkvæðum Eyjólf, Stefáns Gríms, Sigríðar Elvu, Guðrúnar Hildar, Bárðar og Magnúsar Þórs. Hrund á móti og óskaði síðan eftirfarandi bókunar:

„Forræðishyggjan sem birtist í þessari samþykkt stríðir gegn skoðunum mínum um frelsi einstaklingsins til ákvarðana á eigin háttum og lífi að teknu tilliti til náungans. Ég tel að íbúar Vopnafjarðarhrepps séu færir um að ákveða sjálfir fjölda gæludýra á heimilum sínum, að auki felur samþykktin í sér úrræði til að taka á vanda sem hugsanlega getur komið upp til verndar hagsmuna nágranna og samfélagsins. Því tel ég þessar hömlur óþarfar og íþyngjandi og hafna drögum að Samþykkt um hundahald og gæludýrahald á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis.“

d. Drög að Sóknaráætlun Austurlands 2015-2019

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög að Sóknaráætlun Austurlands.

e. Drög að starfsleyfi fyrir fráveitu Vopnafjarðarhrepps

Fram fór umræða um drögin og þá einkum um lokasetningu 3. kafla þar sem segir að „óheimilt er að hafa kvarnir í eldhúsvöskum“. Samþykkt að vísa drögum til umhverfisnefndar og síðari umræðu í hreppsnefnd.

f. Drög að menningarsamningi milli sveitarfélaga á Austurlandi
Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög að menningarsamningi sveitarfélaga á Austurlandi.

g. Tilnefning fulltrúa í stjórn HAUST
Samhljóða samþykkt að tilefna Söndru Konráðsdóttur sem fulltrúa sveitarfélagsins í stjórn HAUST.

h. 19. júní 2015
Fram fór umræða um málið og var eftirfarandi tillaga samhljóða samþykkt: „Sveitarstjórn hvetur forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins til að gefa starfsmönnum stofnana frí e. h. 19. júní nk. þar sem því er við komið. Í þeim tilfellum sem ekki er unnt að gefa starfsmönnum frí hvetur sveitarstjórn forstöðumenn til að halda upp á daginn með viðeigandi hætti“.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Friðrik Óla Atlasyni dags. 7. júní 2015

Ósk Friðriks Óla Atlasonar um lausn úr sveitarstjórn í eitt ár af persónulegum ástæðum samhljóða samþykkt.

b. Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 3. júní 2015

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að fylgja eftir samþykkt stjórnar sambandsins:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur öll sveitarfélög til að standa sameiginlega með skógræktarfélagum landsins að gróðursetningu trjáplatna laugardaginn 27. júní nk. til heiðurs Vigdísi Finnbogadóttur í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá því að hún var kjörin í embætti forseta Íslands, fyrst kvenna í heiminum sem þjóðkjörinn forseti“.

c. Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi dags. 29. maí 2015

Samþykkt að fela starfsmanni skipulagsnefndar og Stefáni Grími vinni málið áfram og skila tillögu til sveitarstjórnar.

d. Else Möller 28. maí 2015

Sveitarstjórn tekur vel í hugmyndir Else og þess óskað að hún komi á næsta fund hreppsnefndar og kynni málið nánar.

e. Stefáni Má Gunnlaugssyni 20. maí 2015

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps þakkar Stefáni Má það brautryðjendastarf sem Vinavikan er og hlakkar til að vinna áfram að Vinavikunni í haust.

f. Sýslumanninum á Austurlandi 27. maí 2015 er varðar starfsleyfi fyrir Hjáleiguna á Bustarfelli. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfi verði veitt.

g. Innanríkisráðuneytinu 22. maí 2015

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að gera breytingu á 24. gr. reglugerðar til samræmis við lög og reglur.

h. Fjólu Dögg Valsdóttur dags. 28. apríl 2015

Oddviti gerði grein fyrir málinu er varðar stjórnarsetu í Sláturfélaginu. Fram fór síðan umræða um það og nefndarmenn sammála að öllu máli skiptir að vönduð strjórnsýsla sé viðhöfð.

3. Fundargerðir:

a. Landbúnaðarnefndar dags. 13. 18. og 20. ágúst 2014, 19. nóvember 2014 og 27. apríl 2015.

Fundargerð 13. ágúst 2014 samhljóða samþykkt.

Fundargerð 18. ágúst 2014 samhljóða samþykkt.

Fundargerð 20. ágúst 2014 samhljóða samþykkt.

Fundargerð 19. nóvember 2014. Varðandi 1. tl. fundargerðar er varðar umsókn um útleigu gagnamannakofa var samhljóða samþykkt að þeir séu ekki til útleigu að svo stöddu. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

Fundargerð 27. apríl 2015 samþykkt samhljóða.

b. Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 17. og 27. apríl 2015

Til kynningar.

c. Menningarmálanefndar dags. 26. maí 2015

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d. 828. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Til kynningar.

e. Hafnarstjórnar dags. 2. júní 2015

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

f. 123. fundar stjórnar HAUST

Til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 18:30.

- [Fundargerð](#) (pdf)